



Íslenskar þjóðsögur og ævintýri
Ítarefni með samnefndri bók
Orðskýringar, verkefni, lausnir



Ritstjóri: Ingólfur Steinsson

Myndir: Þórey Mjallhvít Ómarsdóttir



NÁMSGAGNASTOFNUN

09937

Þjóðsögur

Þjóðsögur eru frásagnir sem hafa lifað í munnmælum mann fram af manni. Það þýðir að ekki er vitað um uppruna þeirra, höfunda eða hver sagði þær fyrstur. Sögurnar eru misgamlar, sumar þeirra hafa varðveist öldum saman. Við vitum að sögurnar eru ekki alltaf byggðar á sönnum eða raunverulegum atburðum. Sumar þjóðsögur eru þó þannig að það mætti hugsa sér að þær væru sannar. Þær segja okkur líka ýmislegt um það hvernig fólk hugsaði fyrr á öldum, hverju það trúði og hvað það aðhafðist. Fáar þjóðir eiga jafnstórt safn af þjóðsögum og Íslendingar.

Um sögurnar

Í þessari bók er að finna fjölbreytt safn af sögum. Hér eru tröllasögur, útilegumannasögur, sögur af álfum og huldufólki, sögur af körlum í koti sínu, kóngum í höllum sínum, karlsonum og prinsessum, helgisögur, galdrasögur, ýkjusögur, sögur af sæbúum og draugasögur. Sumar sögurnar eru heldur óhuggnanlegar og voru kannski notaðar til að hræða eða skelfa börn. Aðrar eru myndar. Margar hafa í sér einhvern boðskap, eitthvað sem við getum lært af.

Með því að lesa þjóðsögur og ævintýri kynnast nemendur bókmenntagrein sem á sér hefð meðal flestra þjóða. Þeir efla orðaforða sinn og málvitund og svo hafa sögurnar auðvitað líka skemmtigildi. Þjóðsögur hafa ákveðin einkenni sem stundum er kallað þjóðsagnastíll. Til dæmis má nefna:

- Sögurnar eru yfirleitt frekar stuttar.
- Sagt er frá í réttri tímaröð.
- Málfar er kjarnmikið.
- Yfirleitt eru persónur í sögunum fáar.
- Margar þjóðsögur innihalda vísur eða stef.
- Draumar koma oft við sögu.
- Andstæður eru áberandi í persónusköpun; ríkur – fátækur, vondur –góður, lítill – stór, vitur – heimskur.
- Endurtekningar eru algengar.
- Þrítala er mikið notuð.
- Tölurnar þrír, fimm og sjö og margfeldi þeirra eru mjög mikið notaðar.
- Stuðlar koma oft fyrir: Gamall sem á grönum má sjá, átján barna faðir í álfheimum
- Galdrar, álög

Ævintýri

Ævintýri eru frásagnir sem sagðar eru fólki til skemmtunar. Þau flakka milli landa, taka á sig ýmsar myndir og búninga eftir heimkynnum. Í ævintýrum koma gjarnan fyrir kóngur, drottning, prins, prinsessa, bóndi, bóndakona, bóndasonur og bóndadóttir. Í þeim er oft norn eða galdrakarlar. Þau gerast oft í höll eða kastala, stundum líka á bóndabæ. Ævintýri eru oftast full af furðum, kynjaverum, álögum og töfragripum. Þau fjalla yfirleitt um baráttu góðs og ills og eru full af andstæðum: góður/illur, ríkur/fátækur. Sögurnar enda oftast vel, a.m.k. fyrir aðalpersónurnar sem eru alltaf góðar. Í ævintýrum er gjarnan mikið um endurtekningar og þau hefjast oft á orðunum: Einu sinni var ... og enda á orðunum: Köttur úti í mýri ...

Ævintýri og þjóðsögur eiga margt sameiginlegt og stundum er erfitt að greina á milli. Ævintýri gerast oftast í ímynduðum heimi, eru óbundin stað og tíma, geyma oft galdra eða töfra, langar frásagnir sem ekki er ætlast til að menn trúi. Þjóðsögur á hinn bóginn lýsa oft raunverulegri atburðum á stuttan og einfaldan hátt og hafa varðveist í munnmælum. Íslenskar þjóðsögur fjalla gjarnan um samskipti fólks við tröll og forynjur, útilegumenn, álfa og óblíð náttúruöflin.

Gott fyrir nemandann að hafa í huga við lestur þjóðsagna og ævintýra

1. Lestu vel yfir alla söguna.
2. Skoðaðu vel útskýringar á feitletruðum orðum.
3. Ef þú skilur ekki öll orðin skaltu leita skýringa, t.d. í orðabókum eða á Netinu.
4. Reyndu að draga saman aðalatriði sögunnar. Um hvað fjallar hún, hvert er aðalefni hennar. Þetta getur þú gert í huganum.
5. Prófaðu að segja einhverjum frá sögunni. Endursegðu hana með þínum eigin orðum.
Notaðu *Þú ert gullugur gann* sem fylgir hverri sögu til að hjálpa þér að muna efni hennar.
6. Skoðaðu spurningarnar í lok hverrar sögu. **Skráðu svörin í stílabók** og ræddu þau við félagá þína.
7. Reyndu að búa til fleiri spurningar úr efni sögunnar.
8. Kynntu þér fleiri þjóðsögur og ævintýri, t.d. í þjóðsagnasöfnum eða á Netinu.

Álfar og huldufólk



I. Álfar feykja heyi

Sögugluggi

Sagan fjallar um menn sem eru að slá og einn fer að slá álfhól sem bannað er að slá. Þá kemur vitlaust veður upp úr þurru ...

kaupamaður: vinnumaður

slæði: beygingarmynd af sögninni að slá, slægi í nútímamáli

í sæti: í sátu

heyskaði: þegar hey tapast eða spillist

orf: skaft sem ljár var festur á til að slá með gras

máttug: öflug, sterk

að lygna: lægja vind, kemur logn

Að lestri loknum

1. Finndu Síðu á landakortinu.
2. Af hverju héldu mennirnir að álfar hefðu valdið hvassviðrinu?
3. Kannast þú við sögur af álfasteinum eða -hólum sem bannað er að hreyfa við? Segðu frá. Skráðu í bókina þína. Kannastu við sögur af Álfhólum í Kópavogi?
4. Hvernig persóna virðist Jón vera? Geturðu lýst honum?
5. Hver virðist vera ástæðan fyrir því að það lygnir aftur?

Svör

1. Síða er á Suðurlandi, austan Mýrdalsjökuls, næsta sveit austan við Skaftártungu.
2. Samkvæmt fornri trú mátti ekki slá hólinn vegna álfabyggðar. Svo kom hvassviðrið skyndilega eins og upp úr engu. Þess vegna tengdu þeir það álfunum.
4. Jón er hvatvís, bráðlátur, skapmikill og sjálfstæður svo nokkuð sé nefnt.
5. Jón lofar því að hætta að slá hólinn ef veðrinu sloti, hótar því reyndar að halda áfram að slá ella, en það er eins og við manninn mælt, hann lygnir. Samkvæmt sögunni er enginn vafi á því að þar eru álfarnir á ferð.

2. Átján barna faðir í álfheimum

Söguhluggi

Sagan fjallar um konu sem lítur af barni sínu um stund og þegar hún kemur aftur er barnið gjörbreytt. Álfkona hafði haft skipti á börnum meðan konan brá sér frá.

engjar: land sem var slegið fyrir utan tún
trog: ferhyrnt tréflát
drukklangur: drykklangur, alllangur
spekt: rósemi, stilling
þýðlynt: skapgott
keipóttur: kenjóttur, duttlungafullur
rell: suð, nudd, óþægð; lo. rellinn
háttaskipti: umskipti, breytt hegðun
grannkona: nágrannakona
innir, sögnin að inna: spurja
grannt (hér): vandlega, greinilega
málavextir: hvernig málið er vaxið, hvað er málið

umskiptingur: þegar skipt var á gömlum álfi og ungu barni skv. þjóðtrú
nýlunda: e-ð nýtt, nýung
strýkja: hýða, flengja
þvara: stöng með blaði á til að hræra í potti með
stóð á hleri: hlustaði í leyni
grön, ft. granir: skeggstæði og skegg í krin-gum munninn
grýta: lítill pottur
afhýða: flengja rækilega
dilla: vagga, láta blítt að

Að lestri loknum

1. Hvað var fólkið að gera á engjunum?
2. Hvað bendir til þess að ekki hafi verið rennandi vatn á bænum?
3. Geturðu lýst þeim ráðum sem grannkonan gaf í stuttu máli?
4. Skýrðu frá því sem konan gerði til að gabba umskiptinginn.
5. Hvers vegna ætli álfkonan hafi viljað skipta á manni sínum og barninu úr mannheimum?
6. Má læra eitthvað af þessari sögu?
7. Hvaða einkenni þjóðsagna hefur þessi saga? Skoðaðu það sem sagt er um þjóðsögur fremst í bókinni.

Svör

1. Fólkið var í heyskap.
2. Konan þurfti að þvo mjólkurflátin upp úr bæjarlæknum.
3. Hún átti að skilja sveininn eftir einan, láta e-ð nýtt bera fyrir augu hans, hlusta á hvað hann segði og hýða hann svo vægðarlaust.
4. Hún setti lítinn pott á mitt eldhúsgólf. Síðan tók hún mörg sköft, batt hvert við enda annars, svo að efri endinn tók allt upp í eldhússtropinn en við hinn neðri batt hún þvöruna og lét hana standa í pottinum.
5. Karlinn var orðinn gamall og leiðinlegur. Ætli konan hafi ekki bara viljað losna við hann? Eignast í staðinn ljúft og þægt smábarn.
6. Að maður eigi aldrei að skilja smábörn eftir ein síns liðs.
7. Þessi saga er frekar stutt og sagt er frá í réttri tímaröð, málfar er kjarnmikið. Í sögunni eru fáar sögupersónur: konan, barnið, grannkonan, álfkonan og umskiftingurinn. Stuðlar koma fyrir í stefinu: Nú er ég svo gamall sem á grönnum má sjá, átján barna faðir í álfheimum og hef ég þó aldrei séð svo langan gaur í svo lítilli grýtu.

3. Legg í lófa karls, karls

Sögugluggi

Sagan segir frá börnum að leik sem endar illa.

piltbarn: sveinbarn, strákur

hnoss: dýrgripur

visnaða: uppbornaða, skrælnaða

Að lestri loknum

1. Hvers vegna skyldi strákurinn ekki fá líkt hnoss og stelpa?
2. Kannast þú við svipaða leiki meðal jafnaldra þinna?

Svör

1. Litla stúlkan rétti hönd inn í holuna í barnslegum leikaraskap en drengurinn af öfund. Þess vegna fékk hún hnossið en honum hefndist.



4. Ló, ló, mín Lappa

Sögu gluggi

Sagan segir af fjósamanni sem lendir í basli með ókunnugar kýr í fjósinu.

flór: gólf í fjósi eða hesthúsi, renna aftan við bása

svæsinn: ákafur, ofsafenginn

bás: hólf fyrir nautgripi í fjósi

að stíma við: fást við, takast á við

hverju þetta gegni: hverju það sæti, hvað valdi því

Að lestri loknum

1. Í sögunni segir að fjósamaðurinn hafi farið út eftir vöku. Hvaða vöku er verið að tala um? Kynntu þér það.
2. Hvernig fallbeygist nafnorðið *kýr* í eintölu?
3. Hvað þurfti konan að gera til þess að geta mjólkað kúna?
4. Hvað hét kýrin og hvaðan kom hún?
5. Lýstu fjósamanninum. Hvernig persóna var hann? Af hverju varð hann lánlítill?
6. Hver er aðalpersónan í þessari sögu?

Svör

1. Vakan var tíminn kallaður frá því kveikt var og þangað til farið var að háttu; kvöldvaka, þá sat fólk á rúmum sínum og vann en einhver las eða sagði sögur, kvað rímur eða fór með annað til skemmtunar.
2. Et. Kýr, um kú, frá kú, til kýr. Ft. Kýr, um kýr, frá kúm, til kúa.
3. Hún þurfti að klappa henni, sýna henni hlýju.
4. Kýrin hét Lappa. Hún kom úr álfheimum.
5. Fjósamaðurinn varð lánlítill af því að hann var vondur við kúna. Hann var bæði skapstygður og hið mesta hörkutól.
6. Fjósamaðurinn hlýtur að teljast aðalpersóna sögunnar.

5. Dvergurinn og smaladrengrinn einfætti

Söguhluggi

Þessi saga segir frá ungum dreng sem missir fótinn en er læknaður af dverg sem býr í steini. Hann fær nýjan fót.

pau voru vel við efni: efnuð, rík

vísa á bug: vísa frá sér, neita

að undirlagi: að frumkvæði, fyrir hvatningu

stöðull: staður úti við þar sem kýr og

kindur voru mjólkaðar

hræra: hreyfa

henda gaman að e-m: skopast að e-m,

gera grína að e-m

lýti: galli, ljótleiki

mögla: kvarta

hjáseta: að sitja yfir ánum eftir að búið var að

færa (taka) lömbin frá þeim

fráfætur: aðskilnaður kinda og lamba á vorin til að hægt væri að mjólka ærnar

að spekjast: að róast, stillast

að sitja ærnar: sitja yfir ánum (kindunum), gæta þeirra

gullsproti: gullstafur

vitrun: opinberun, vitneskja fengin á yfirnátt-úrulegan hátt

völvurúnir: seiðkonustafir

gervilegur: hraustlegur, myndarlegur

Að lestri loknum

1. Hvers vegna vísaði Guðrún biðlunum frá?
2. Hvað ætli hafi verið efst í huga Sigþórs þegar hann lá í urðinni með sundurtættan fót? Skrifðu 20–30 orð í 1. persónu.
3. Af hverju stríddu jafnaldrarnir Sigþóri?
4. Hvernig beygirðu nafnorðið *ær* (kind)?
5. Kynntu þér *fráfætur*, *hjásetu*, *kvíaær* og *kvíaból*. Skráðu niðurstöður þínar í stuttu máli.
6. Segðu frá því þegar Sigþór sá dverginn í fyrsta sinn.
7. Hvernig átti hann að komast inn í steininn?
8. Hvernig kom dvergurinn skilaboðum heim á bæinn?
9. Hver skyldi vera ástæðan fyrir góðvild dvergsins?
10. Hversu lengi var Sigþór hjá dvergunum? Hvað fékk hann út úr dvölinni?

Svör

1. Guðrún sagðist vera of ung til að binda sig enda bara 16 ára.
3. Þeir stríddu honum vegna þess að hann var einfættur og varð að ganga við hækjur.
4. Eintala: Hér er ær, um á, frá á, til ær. Fleirtala: Hér eru ær, um ær, frá ám, til áa.
5. Á vorin voru lömbin tekin frá ánum og smalinn fór með þær og sat yfir þeim yfir daginn. Að kvöldi kom hann svo með ærnar til bæjar, þær voru reknar í kvíar (kvíaból) sem var lítil rétt. Þar voru þær mjólkaðar. Þetta var einu nafni kallað fráfætur.
6. Hann sá dverginn fyrst í draumi er hann sofnaði við Dvergastein.
7. Sigþór átti að berja þrjú högg á steininn með gullsprotanum sem dvergurinn gaf honum í draumnum.
8. Hann kom skilaboðum til Guðrúnar bóndadóttur í draumi.
9. Dvergurinn vorkenndi drengnum og svo var hann góður læknir.
10. Sigþór dvaldi hjá dvergunum í mánuð og fékk fótinn bættan.

6. Margt er þeim að meini

David Stefánsson frá Fagraskógi

Söguuggi

Ungur sveinn heyrir leikið á hörpu í steini en svo breytist hljómurinn í kveinstafi stúlku sem er föst inni í steininum. Hann reynir að hjálpa henni út.

ljúflingur: huldumaður, álfur

hold: kjöt

Að lestri loknum

1. Hvernig skilur þú viðlagið, Margt er þeim að meini?
2. Endursegðu söguna sem sögð er í kvæðinu og reyndu að færa hana í þjóðsögubúning.

Svör

1. Maður nær ekki sambandi við ástina sína ekki frekar en hún væri lokuð inni í steini. Margt hrjáir þann sem elskar einhvern sem hann getur ekki fengið. Oft er ástin heitust sem í meinum bundin er.
2. Einu sinni fyrir langa löngu var ljúflingsmey sem bjó í steini ...



7. Beinagrindin og rauðklæddi maðurinn

Söguhluggi

Vinnukona nokkur er mönuð til að sækja beinagrind út í kirkju og fara síðan með hana þangað aftur. Þá lendir hún í nokkrum vanda.

Grallarinn: sálmasöngbók

auðnukona: hamingjukona

kór: innsti hluti kirkju, næst altari

árar, et. ári: púki

Að lestri loknum

1. Endursegðu það sem beinagrindin sagði við konuna.
2. Hverju hótaði konan rauðklædda manningnum?
3. Hvað heldur þú að hefði gerst ef konan hefði snúið sér við og horft í glóðarauga rauðklædda mannsins?
4. Hvers vegna var konan látin sækja beinagrindina út í kirkju?
5. Af hverju ætli beinagrindin hafi ekki fengið að vera í friði?
6. Hvernig persóna er konan? Geturðu lýst henni í stuttu máli?

Svör

1. Beinagrindin sagði að þegar konan kæmi út í kirkjuna yrði hún full af fólki og við altarishornið sæti rauðklæddur maður með rauða húfu á höfði. Ef hún gæti komið beinagrindinni í sátt við hann mundi hún verða hamingjusöm kona.
2. Ef hann léti ekki beinagrindina vera í jörðinni skyldu allir árar vítis sækja að honum og aldrei láta hann í friði.
3. Hann hefði trúlega náð valdi yfir henni.
4. Hún var svo ómyrkfælin að hún þorði að sækja Grallarann. Þess vegna manaði prestur hana til að sækja beinagrindina líka.
5. Hún hefur líklega átt einhverjar óuppgerðar sakir við rauðklædda manninn.
6. Hún er a.m.k. huguð, djörf og frökk og lætur ekki vaða yfir sig.

8. Djákninn á Myrká

Söguhluggi

*Djákni heimsækir konu nokkra og býður henni til jólagleði en drukknar á heimleiðinni.
Konan fréttir ekki af dauða hans og á aðfangadag kemur hann svo að sækja hana.
En þegar þau eru lögð af stað á hesti hans tekur hún eftir því að djákninn er eitthvað undarlegur.*

djákni: maður með næstu kirkjulega vígslu lægri en prestur (í katólskum sið)

vera í þingum við: vera í tyggjum við, í sambandi við

gráföxóttan: með grátt fax

leysing: vatnavextir í hláku

skipast: breytast

áin mundi liggja: ísinn mundi halda

örendur: látinn

fregn: frétt

eiga orðræðu saman: tala saman

skarir, et. skör: brún, rönd, kantur; (hér) ísrendur

voru svo mikil brögð að því: bar svo mikið á því, kom svo oft fyrir

Saltari: sálmabók (með nótum)

skálastafn: húsgafl; skáli: lítið hús, skemma, kofi; stafn: framhlið á húsi, gafl

hneppir, hneppa (hér): hrekja

reimleikur: draugagangur

Að lestri loknum

1. Finndu Eyjafjörð á landakortinu.
2. Finndu nútímalega merkingu orðsins djákni í orðabókinni. Skráðu í bók þína.
3. Lýstu veðrinu dagana áður en djákninn reið að Bægisá. Hvernig breyttist það þann dag?
4. Hvers vegna hafði Guðrún ekki frétt af því að djákninn væri dáinn?
5. Hvað varð Guðrúnu til bjargar?
6. Af hverju gat fólkið ekki sofið um nóttina?
7. Af hverju segir djákninn Garún en ekki Guðrún?
8. Hvernig lauk þessu máli? Lýstu því með þínum orðum.

Svör

2. Djákni: Vígður starfsmaður kirkjunnar sem hefur lokið djáknanámi og sinnir félagslegri og sálrænni þjónustu við söfnuði og sjúkrahús.
3. Það kom hláka.
4. Engar fréttir bárust milli bæjanna vegna þess að ekki var hægt að komast yfir ána.
5. Hún hafði farið í hempuna til hálf, bara í aðra ermina en lagt yfir hina öxlna.
6. Fólkið gat ekki sofið vegna reimleika.
7. Draugurinn gat ekki sagt guð: GUÐ-rún.
8. Galdramaður fór gegn djákna með særingum og setti að lokum stóran stein á göf hans. Eftir það var hann loks til friðs.

9. Móðir mín í kví kví

Söguhluggi

Vinnukona ber út barn sitt en heyrir það seinna söngla við kvíavegginn.

þunguð: ólétt

ekki var mjög ótítt: ekki var óvenjulegt, gerðist nokkuð oft

skrifdir: að játa syndir sínar fyrir prestinum

vikivaki: gamall íslenskur þjóðdans, gleðin var kölluð vikivaki

fjölskrúðug: vel búin að skrautklæðum

sambyði: væri samboðið, við hæfi

glysgjörn: skrautgjörn, gefin fyrir fánýtt skraut

á málum: þegar mjólkað var

griðkona: vinnukona

í kvíum: í rétt

skeyti (hér): barn

vitstola: vitfirrt, brjáluð, óð

Að lestri loknum

1. Hvernig skyldi konunni hafa liðið eftir að hún hafði borið barn sitt út og skilið það eftir í óbyggðum?
2. Er eitthvað í þessari litlu sögu sem útskýrir af hverju hún bar barnið út?
3. Kynntu þér útburð barna á fyrstu öldum Íslandsbyggðar. Leitaðu í sagnfræðibókum, á Netinu. Hvað refsingar voru við slíku? Skráðu niðurstöður þínar.

Svör

2. Þetta var á þeim tíma þegar mjög hart var tekið á slíkum málum. Ef stúlka varð ólétt utan hjónabands gat hún átt von á þungum dómi.



10. Vinnukonan og biskupsfrú í Skálholti

Söguhluggi

Vinnukona sækir beinagrind út í kirkju og gerir henni greiða. Beinagrindin launar stúlkunni greiðann og einnig löngu látin biskupsfrú. Skólapiltar reynast henni ekki jafn vel.

embætti: messa, guðspjónusta

krókbekkur: hornbekkur, ysti bekkur í kirkju

loddi, loða: tolla, vera fastur við, (hér):
hanga saman

hysja: lyfta, kippa upp

kór: innsti hluti kirkju, næst altari

fölskvi: aska

þokkabót(hér): uppbót, þóknun

efni orð sín: standi við orð sín

harðnar þá ræðan: eykst deilan, rífrildið

gerðu gys: hæddust að

makleg málaljöld: verðskulduð refsing

átölur: ávítur, umvöndun

brigðmælgj: svik

hundrað, jarðarhundrað: jarðeign sem jafngilti
120 aorum silfurs, síðar 120 álnum vaðmáls, einu
kúgildi eða 240 málfiskum (málfiskur: fiskur sem
nær 18 þumlunga stærð)

Að lestri loknum

1. Hvernig stóð á því að beinagrindin lá undir kirkjubekki?
2. Af hverju vildi beinagrindin komast í kórinn?
3. Hvað varð um beinagrindina þegar hún hafði sæst við biskupsfrúna?
4. Hvað sögðu beinagrindin og biskupsfrúin hvor um sig við stúlkuna í draumi?
5. Hvað gerði Vigfús til að sjá til þess að skólapiltar borguðu stúlkunni fyrir að sækja beinagrindina?
6. Hvaða boðskapur ætli sé í þessari sögu?
7. Hvaða lýsingarorð ætli lýsi stúlkunni best?
8. Taktu saman aðalatriði sögunnar. Skrifðu hjá þér.
9. Hvaða einkenni þjóðsagna hefur þessi saga? Skoðuðu það sem sagt er um þjóðsögur fremst í bókinni.

Svör

1. Beinagrindin hafði gleymst undir kirkjubekki.
2. Hún vildi komast í kórinn til að reyna að ná sáttum við biskupsfrúna sem þar lá grafín.
3. Þegar beinagrindin hafði sæst við biskupsfrúna varð hún að ösku.
4. Beinagrindin vildi launa henni hjálpina og sagði henni frá peningakistli sem grafinn væri í þúfu sunnan undir kirkugarði. Biskupsfrúin sagði henni frá öðrum fjársjóði í þúfu norðan undir garðinum.
5. Vigfús sagði biskupi og skólameistara frá svikum skólapilta. Þeir voru ávitaðir og þeim skipað að borga stúlkunni.
6. Stúlkun gerir góðverk, fær það vel launað; piltarnir svikja sín loforð og þola fyrir það skammir yfirmanna og eru neyddir til að borga. Góðverk borga sig en svik eigi.
7. Hún er til að mynda huguð, raungóð, þolgóð, heppin, ákveðin ...
9. Nefna má að sagt er frá í rétttri tímaröð, málfar er kjarnmikið, persónur fáar og draumar koma mikið við sögu. Einnig má nefna að vel er goldið fyrir hjálpsemi við hina framliðnu. Það er enn eitt einkenni slíkra sagna og ævintýra að hjálpsemi er dyggilega launuð, sérstaklega af álfum og huldufólki. Á móti er illt launað með illu, oft hroðalega illu.

11. Brúðkaupsgesturinn

Söguhluggi

Risastór lærleggur kemur upp þegar verið er að taka gröf í kirkjugarði. Ógætileg orð manns nokkurs verða til þess að hann fær eiganda lærleggsins og vini hans í brúðkaupsveislu sína og neyðist svo til að fara með þeim í ævintýralega ferð á brúðkaupsnóttina.

styggur: önnugur, skapvondur, fælinn

fjölörður: margorður

hnugginn: dapur, sorgmæddur

veisluprýði: það sem bætir veisluna

vígð mold: blessuð af presti

í það mund: um það leyti (mund: tími)

yfirbragð: svipur, útlit

geigvænlegir: hræðilegir, ógnandi

rekkjur (rekkja): rúm

enda orð þín: standa við, efna orð þín

viðmótsgóðir: komu vel fram við hann

jarðteikn (hér): sönnun

sauðarsíða: rifjahluti sauðkindar ásamt kjötinu

Áð lestri loknum

1. Hvað dreymdi brúðgumann aðfaranótt brúkaupsdagsins?
2. Hvaða ráð gaf presturinn brúðgumanum?
3. Hvers vegna var maðurinn boðið til veislu?
4. ”Hvernig kann ég sem er lifandi að geta fylgt þér til þinna heimkynna í ríki þeirra dauðu nema svo aðeins að ég yfirgefi allt sem ég hef hlotið í lífinu og einnig lífið sjálf og hvernig geturðu ætlast til að mér sé það geðfellt á þessari stundu sem er vordagur yndisins og árstíð ástarinnar? Og bið ég þig þess vegna fyrirgefa mér þó ég hafni þessu boði þínu.” Endursegðu þessa ræðu. Styttu og einfaldaðu. Lýstu með eigin orðum ferðalaginu til heimkynna draugsins. 20–30 orð.
5. Hvað gaf draugurinn brúðgumanum að skilnaði?
6. Hvernig mynd er dregin upp af heimkynnum draugsins? Lýstu þeim og því sem þar gerðist með þínum orðum.

Svör

1. Brúðgumann dreymdi maðurinn sem átti stóra lærlegginn. Sá hótaði að koma í brúðkaupsveislu hans með vini sína.
2. Presturinn sagði honum að tjalda innan litla stofu, setja þar vígt vatn og mold á diska fyrir gestina.
3. Af því honum gekk svo vel að standa við orð sín. Þess vegna vildi draugurinn líka bjóða honum til sín.
4. Hvernig get ég, lifandi maður, farið með þér yfir um nema segja skilið við lífið sjálf? Og hvernig geturðu ætlast til þess af mér á þessum hamingjudegi? Fyrirgefðu, ég get það ekki.
5. Draugurinn gaf honum sauðarsíðu, miklu pykkari og feitari en hann hafði áður séð.
6. Húsið var fagurt og ljómaði í ljósum. Vín og vistir voru á borðum og allir glaðir og komu vel fram við hann. Þeir sátu lengi nætur og glöddust við mat, drykk og skemmtilegar ræður og frásagnir.



12. Átta herramannsdætur

Söguuggi

*Systur stunda gandreið á vinnumönnum á nóttunni.
Einn þeirra kemst að þessu og kemur fram hefndum.*

slot: höll, stórhýsi

hræra: hreyfa

slen: deyfð, doði, slappleiki

gandreið: reið á reiðskjóta sem magnaður er með göldrum

minnileg: minnisstæð, eftirminnileg

andvari (hér) varúð, gát.

stallbróðir: félagi, lagsmaður

skaflajárn: skeifa með broddum

kvikugengnir: gengnir upp í kviku, hófur eyddur, skinnlaust hold undir

dóluðu, dóla: ríða hægt, slæpast

kvittur: orðrómur, sögusögn

óhróður: illmæli, rógur

háttalag: hegðun

Áð lestri loknum

1. Af hverju voru vinnumennirnir svo máttvana og niðurdregnir?
2. Hvernig komust þeir að hinu sanna?
3. Hvernig brugðust þeir við?
4. Hvað ætli vinnumaðurinn hafi hugsað þegar hann áttaði sig á því sem var að gerast? 10–20 orð.
5. Hvað gerði bóndinn þegar hann frétti af þessu?
6. Finnst þér hægt að réttlæta viðbrögð föðurins eða hefði hann getað brugðist við á annan hátt?

Svör

1. Þeir voru máttvana af því að þeir voru notaðir til gandreiðar á nóttunni.
2. Vinur eins vinnumannsins nefndi þetta sem hugsanlega skýringu á sleni þeirra. Ráðlagði honum að vaka og fylgjast með næstu nótt. Þannig komst hann að sannleikanum.
3. Þeir beisluðu systurnar í svefni og settu síðan undir þær skaflajárn.
4. Hann gæti hafa hugsað e-ð á þessa leið: Hvað eru þær að gera stúlkurnar? Gandreið, ja hérna. Aldrei hafði ég nú heyrt um þetta fyrir. Þetta eru nú meiri galdrakerlingarnar. Ég þarf að reyna að sjá við þeim einhvern veginn. Láta koma krók á móti bragði.
5. Bóndinn rak dætur sínar að heiman.
6. Faðirinn brást mjög harkalega við. En þær voru auðvitað að stunda galdra og vert er að minnast þess að á löngu tímabili lá dauðarefsing við slíku (á 17. öld). Okkur, fólki 21. aldarinnar, finnst hins vegar að hann hefði getað refsað þeim með öðrum hætti. Varla er hægt að hugsa sér verri refsingu foreldris en að reka barn sitt frá sér, nema þá dauðdaga.

13. Konan sem fór í Svartaskólann

Sögu g l u g g i

Hér segir frá konu sem notar galdra til að ferðast um loftin blá. Á hverri nóttu sest hún á skólabekk í Svartaskóla og vinnur fram undir morgun. Eða þangað til bóndi hennar kemst að þessu og grípur til sinna ráða.

Svartiskóli: skóli í Frakklandi á miðöldum þar sem kölski var talinn vera skólastjóri

dreypta: láta drjúpa á, skvetta á

ljóstíra: dálítið ljós

loppa: loðin, stór hönd (m.a. á trölli eða draug), krumla

stíli, af stíll: ritfæri (úr leirblöndu) á stærð við blýant, notað til að skrifa á töflu með

bera sig: reyna

láta sín ekki við geta: hafa hljótt um sig, láta ekki á sér bera

örla sér: hreyfa sig

sneypt: skömmustuleg

háttalag: venjur, hegðun, hátterni

láta af: hætta

Að lestri loknum

1. Hvað var það sem vakti athygli bónda og vinnumanns við hegðun konunnar?
2. Hvernig komst vinnumaður að hinu sanna um ferðir konunnar? 15–20 orð.
3. Hvernig er kennaranum lýst í þeim skóla sem konan sótti?
4. Hvað ætli bóndi hafi átt við með að konan skyldi „fá að mæta töluverðu misjöfnu“ ef hún hætti ekki næturferðum sínum?
5. Hvað skyldi konan hafa verið að læra í skólanum?

Svör

1. Það vakti athygli er hún fór að sofa mikið á daginn.
2. Vinnumaður vakti um kvöldið og beið átekta þegar allir voru farnir að sofa. Þegar konan hélt að allir væru sofnaðir reis hún upp og klæddi sig. Tók glas og dreypti einhverju á bónda sinn, líklega til að tryggja að hann svæfi.
3. Það er bara talað um þessa gráu loppu sem setti steinspjöldin og stílana á borðin. Líklega er það kölski.
4. Bóndi ætlaði að refsa henni á einhvern hátt ef hún hætti ekki næturferðum sínum.
5. Hún hefur verið að læra eitthvað sem tengdist göldrum.

14. Svartiskóli

Sögu gluggi

Sagt er frá Svartaskóla og íslenskum nemendum þar til forna. Kölski var þar skólameistari og krafðist þess að eiga þann er gengi út síðastur þegar skóla lyki. Sæmundur fróði tók það hlutverk að sér.

í fyrndinni: fyrir ævalöngu

fyrnd: löngu liðinn tími

fullnuma: hefur lokið námi

áskildi, áskilja: lýsa yfir rétti sínum

kölski hélt skólann: stjórnaði, rak skólann, var þar skólameistari

rið: þrep, stallur, göngubrú

rymja, rumdi, rumið: marra, drynja

Að lestri loknum

1. Hvers vegna voru bækurnar í Svartaskóla skrifaðar með eldrauðu lettri?
2. Er e-ð í þessari sögu sem minnir á aðrar sögur hér í bókinni?
3. Hvaða orðtæki er í þessari sögu og hvað merkir það?
4. Endursegðu seinni söguna af því þegar Sæmundur slapp úr Svartaskóla.
5. Hvað missti Sæmundur í Svartaskóla?

Svör

1. Rauða letrið á bókunum var vegna myrkursins svo að hægt væri að lesa það.
2. Sæmundur hafði kápuna lausa á öxlum, svipað og Guðrún í sögunni um djákann á Myrká. Gráa loppan kemur líka fyrir í sögunni *Konan sem fór í Svartaskólann*. Þar færði hún nemendum námsgögn.
3. Orðtækið er: „Skall þar hurð nærri hælum.“ Merkir að litlu mátti muna.
5. Sæmundur missti skugga sinn í Svartaskóla. Kölski náði honum samkvæmt annarri útgáfu sögunnar en kápunni samkvæmt hinni. En Sæmundur slapp sjálfur.

15. Þúkablístran

Sögu g l u g g i

Sæmundur fróði geymir þúkablístru undir rúmi sínu. Einn daginn blæs vinnukona hans í hana. Það setur hana í nokkurn vanda.

púki: smádjöfull

tók henni vara: varaði hana við

gæra: sauðskinn með ullinni á

skækill: lítið skinn, einkum sem hefur umlukið útlími

ráðkænn (kænska): ráðagóður, fundvís á úrræði

Áð lestri loknum

1. Hvaða náttúru hafði pípan?
2. Hvað átti stúlkan að gera ef hún fyndi e-ð í rúminu?
3. Reyndu að ímynda þér hugsanir stúlkunnar þegar púkinn birtist. Skrifaðu 15–20 orð.
4. Hvernig urðu viðskipti stúlkunnar og púkans? Endursögn.

Svör

1. Þegar blásið var í pípuna komu einn eða fleiri púkar og spurðu hvað þeir ættu að gera.
2. Stúlkan átti að láta það afskiptalaust sem hún fyndi í rúminu.
3. Ó, guð minn góður, hvað hef ég nú gert? Hvað skyldi húsbóndi minn gera þegar hann kemst að þessu? Og hvað á ég að gera við þennan púka?



16. Kölski er í fjósi

Sögugluggi

Sæmundur fróði ræður kölska sem fjósamann. Kölski kemur honum í vandræði en Sæmundur sér við honum.

útmánuðir: tveir til þrjár seinustu mánuðir vetrar, einkum góa og einmánuður
nauðugan viljugan: þó að hann vilji það ekki
laut: dæld, lægð

Að lestri loknum

1. Sæmundur fróði bjó í Odda á Rangárvöllum. Finndu þennan kirkjustað á landakortinu.
2. Í sögunni sést að Sæmundur hafði gott tak á kölska. Hvað bendir helst til þess? 25–30 orð.

Svör

1. Rangárvellir eru í samnefndri sýslu á Suðurlandi sem liggur á milli Árnessýslu og Vestur-Skaftafellssýslu. Oddi er sunnarlega í sýslunni.
2. Sæmundur tók kölska og lét hann vera fjósamann. Neyddi hann til þess að bera alla mykjuna frá kirkjudyrunum á sinn stað og lét hann hreinsa stéttina með því að sleikja hana með tungunni. Þetta bendir til þess að hann hafi haft nokkuð gott tak á kölska.

17. Á Dökkumiðum

eftir Davíð Stefánsson frá Fagraskógi

Söguuggi

Karl einn rær á hverju kvöldi á sömu fiskimið.
Fiskar alltaf vel en þetta er enginn venjulegur karl.

golþorskur: mjög stór þorskur

Áð lestri loknum

1. Hver heldur þú að karlinn í kvæðinu sé?
2. Hvað er hann að veiða?
3. Búðu til sögu úr frásögn kvæðisins.

Svör

1. Karlinn er kölski sjálfur, „með horn og hala, hófa og jafnvel klær“.
2. Hann er að veiða sálir mannanna sem eru í þorsklíki.
3. Einu sinni var karl sem reri til fiskjar á hverju kvöldi. Fór hann alltaf á sömu fiskimið sem voru kölluð Dökkumið. Þar var gjarnan dimmt yfir og sjór mjög úfinn. Alveg frá því karlinn fór þangað fyrst veiddi hann mjög vel. Hann kom alltaf heim með hlaðinn bátinn hvernig sem viðraði og var þá svo glaður að hann söng og skellihló. Sumir segja reyndar að þessi karl sé með horn og hala. Aðrir segja að hann hafi hófa og klær. Og í gamalli þjóðsögu er sagt frá því að þegar einhver deyr þá verði sálin að þorski. Það er vegna þess að hún þarf að þvo af sér gamlan leir og syndir því um í þorsklíki. En þessi karl á Dökkumið-um veiðir einmitt alltaf þorska!



18. Kálfur og kölski

Söguhluggi

Kálfur prestur lét kölska vinna fyrir sig og í staðinn átti kölski að fá sál hans við dauðann. Þegar prestur lá banaleguna birtist kölski til að sækja hann ...

kenndi sín: fann

helsótt: sótt er mundi draga hann til dauða

sneypast: snauta, skammast sín

Að lestri loknum

1. Finndu Sléttuhlíð á landakortinu.
2. Segðu frá því hvernig Kálfur lék á kölska.
3. Hvers vegna óttaðist Kálfur ekki dauða sinn?

Svör

1. Sléttahlíð er utarlega í Skagafirði austanverðum, utan við Höfðaströnd.
2. Í skilmálanum stóð að kölski ætti á fá kálf. Prestur hélt því fram á dauðastundinni að átt væri við bolakálf.
3. Kálfur vissi hvernig hann átti að leika á kölska.



19. Bakkabræður smíða sér hús

Sögu gluggi

Bræðurnir smíða hús eftir eigin höfði en hönnunin skapar ákveðin vandamál sem þeir reyna að leysa eftir því sem þeir hafa vit til.

trog: ferhyrnt tréílát, víðara að ofan

eftirleiðis: héðan í frá, síðar

sjá ekki handa sinna skil: sjá ekki neitt, sjá ekki glóru

Að lestri loknum

1. Hvers vegna höfðu Bakkabræður engan glugga á húsinu?
2. Hvað gerðu þeir til að draga úr myrkrinu?
3. Hvers vegna var enn þá dimmt í húsinu um kvöldið?
4. „Þeir tóku sig því til og gerðu sér hús með nýju lagi að því leyti sem þeir höfðu engan glugga á því enda var þar kolniðamyrkur inni sem nærri má geta.“ Endursegðu þessa málsgrein með þínum orðum.

Svör

1. Bakkabræður höfðu húsið gluggalaust til að tapa ekki hitanum.
2. Þeir báru birtuna inn í trogum og í húfum sínum.
3. Það er ekki hægt að bera út myrkur í húfum eða birtu inn í trogum.
4. Þeir reistu sér hús sem hafði enga glugga og var því að sjálfsögðu niðamyrkur þar inni.

20. Þegar Bakkabræður rugluðu saman fótunum

Söguhluggi

Bræðurnir fara saman í fótabað en upp kemur óvæntur vandi sem þeir þurfa aðstoð við að leysa.

gera sér heitar fótlaugar: fara í fótabað

endur og sinnum: öðru hverju, við og við

var þröngt um: var lítið til af

hittu fyrir sér laug: rákust á heita laug

huguðu þeir gott til glóðarinnar: hlökkuðu til, ætluðu að gera sér mat úr

Að lestri loknum

1. Hvað gerðist þegar Bakkabræður höfðu sett fætur sína í fótlaugina?
2. Hvaða ráð notaði maðurinn sem þeir báðu um hjálp?
3. Endursegðu þessa sögu með þínum orðum. Skrifðu hjá þér.

Svör

1. Þeir rugluðu saman fótunum, vissu ekki hver þeirra átti hvaða fætur.
2. Hann sló á lappirnar á þeim öllum í einu og þá kipptu þeir fótunum að sér.



21. Hvað étur kötturinn?

Söguhluggi

Bræðurnir kaupa sér kött en hann er ekki allur þar sem hann er séður.

falur: til sölu

geipiverð: mjög hátt verð

þeim hafði láðst: þeir höfðu gleymt, höfðu ekki gert það

grandaleysi: sakleysi, að eiga sér einskis ills von

stúta: drepa

Að lestri loknum

1. Af hverju létu Bakkabræður drepa köttinn sem þeir höfðu nýkeypt fyrir hátt verð?
2. Hvers vegna keyptu þeir köttinn?
3. Útskýrðu með eigin orðum hvað eftirfarandi setningar þýða:
Og svo sagði hver þeirra um sig.
... að eiga ekki kisu lengi yfir höfði sér.

Svör

1. Þeir voru hræddir um að hann mundi éta þá bræður. Kötturinn var sagður éta allt.
2. Þeir keyptu köttinn af því að þeim var sagt að hann dræpi mýs.
3. Hver át þetta upp eftir öðrum, hver þeirra endurtók það sama.
... að eiga ekki á hættu til lengdar að kisa æti þá.

22. Sagan af hattinum Dembi

Söguhluggi

Bláfátæk hjón með tvö börn nýta illa boð kaupmannsins um að velja ókeypis hlut úr búð sinni. Þá tekur dóttir þeirra til sinna ráða.

dómadags bjálfi: alger bjáni

fáras: vandræðast, fjasa

misgáningur: óvart

taut (hér): fortölur.

koma engu tauti við: geta ekki haft nein áhrif á

kjörgripur: kostagripur, ágætisgripur

Að lestri loknum

1. Segðu frá því hvernig fjölskyldan notaði hattinn Dembi.
2. Hvaða boð lét kaupmaðurinn út ganga þegar hann hafði sett upp verslun sína?
3. Endursegðu söguna í a.m.k. 200 orðum.

Svör

1. Fjölskyldan hafði hattinn Dembi í hávegum og aldrei fóru þau svo í kaupstað að hatturinn væri ekki hafður með til skjóls eða skrauts.
2. Kaupmaðurinn lét það boð út ganga að þegar fólk kæmi í fyrsta skipti í búðina mætti það velja sér einhvern hlut til eignar.



23. Heimskar kerlingar

Söguhluggi

Kerling fer í kaupstað til að selja búfenað en gerir afdrifarík mistök. Bóndi hennar fer af stað og heitir því að hætta ekki fyrir en hann hafi fundið þrjár kerlingar, jafnvitlausar henni. Það reynist ekki erfitt.

grunnhyggna: heimska

ríkisdalur: mynteining í ríkjum Danakonungs

(m.a. Íslandi á sínum tíma)

skildingur: 96 skildingar voru í ríkisdalnum

flónska: heimska, kjánaskapur

Að lestri loknum

1. Á hverju ruglaðist kerlingin þegar hún fór að selja dýrin?
2. Af hverju hélt kerling að hún væri orðin að erni?
3. Hvers vegna lagði karlinn af stað í ferðina?
4. Hvar fékk karlinn mest upp úr krafsinu?
5. Hvað einkennir konurnar í sögunni?
6. Er e-ð í þessari sögu sem minnir á aðra sögu í bókinni? Segðu frá. Gerðu samanburð.
7. Útskýrðu merkingu eftirfarandi setninga með þínum orðum:
 - a) Þungt er það að spyrja
 - b) Karl lætur nú svo vera
 - c) Karl lætur þá teljast

Svör

1. Kerling seldi kúna fyrir hænuverð og ætlaði svo að selja hænuna fyrir kýrverð.
2. Hún svaf í fiðursæng og var öll fiðruð þegar hún vaknaði.
3. Karlinn vildi reyna að finna þrjár kerlingar jafnvitlausar sinni.
4. Hann fékk mest upp úr krafsinu hjá þriðju kerlingunni sem hélt að hann væri úr himnaríki og bað hann fyrir hesta, klæði og peninga til fyrri manna sinna.
5. Heimska og trúgirni eru einkennandi fyrir konurnar í sögunni.
6. Kerlingin sem var að bera birtu inn í hús sitt í svuntunni. Það minnir á söguna um Bakkabræður sem reyndu að bera inn birtu í húfum sínum og trogum.
7.
 - a) Illt er það að heyra, það eru vondar fréttir.
 - b) karl lætur þar við sitja, ákveður að aðhafast ekki frekar í málinu,
 - c) lætur til leiðast, lætur sannfærast.

24. Nú skyldi ég hlæja, væri ég ekki dauður

Söguhluggi

Tvær konur vilja mæla heimsku manna sinna. Önnur fer að sauma föt úr engu en hin telur manni sínum trú um að hann sé dauður.

hálín: afar þunnt og fingert vefjarefni
smágjör: fingerður, smár
voð: ofið efni

ber ei til tíðinda: ekkert markvert gerist
báglega: lélega, illa
klæðafár: fatalítill, á lítið af fötum
hafi sópast um: hafi orðið breytingar
verður æfur við: verður ofsareiður

Að lestri loknum

1. Þekkir þú sögu sem svipar til þessarar? Hvað er líkt með sögunum tveimur?
2. Hér á undan er að finna söguna Heimskar kerlingar. Berðu saman þessar tvær sögur.
3. Hvernig slapp karlinn úr kistunni? Endursögn.

Svör

1. Það sem er líkt með þessari sögu og sögunni um nýju fötin keisarans er að í þeim báðum eru fötin ofin með ímynduðum þræði. Eigendur fatanna eru í báðum tilfellum naktir án þess að gera sér grein fyrir því sakir heimsku sinnar.
2. Það sem er líkt með sögunum er að báðar fjalla um nautheimskt fólk, annars vegar fjórar konur, hins vegar tvo karla. Þetta fólk er svo heimskt að það er hægt að telja því trú um hvað sem er. Í sögunni um heimsku kerlingarnar fær karlinn glatað fé sitt aftur og gott betur en í hinni sögunni þurfa kerlingarnar sem blektu karla sína hins vegar að þola hýðingu fyrir.
3. Annar karlinn kom nakinn í jarðarförina og vakti almennan hlátur. En þá kallaði hinn úr kistunni, sem hafði glugga, þessi fleygu orð: „Nú skyldi ég hlæja væri ég ekki dauður.“ Þá komst allt upp, kistan var opnuð og honum hleypt út. Kerlingarnar voru báðar hýddar fyrir tiltækið.

25. *Mín hefur augu og mitt hefur nef*

Sögu gluggi

Barnlaus hjón eignast skyndilega barn sem er ekki eins og önnur börn.

krógi: barn

harmatölur: kveinstafir, að rekja harma sína

flökta: flækjast um

reifar: dúklengjur, lindar sem ungbörn eru vafin í

yfrið: mjög

skjár: gegnsæ himna í glugga, notuð í stað rúðu

yfirbragð: svipur, útlit

mitt hefur til þín runnið: af mér ertu kominn, mitt barn

Að lestri loknum

1. Af hverju fór kerling að gráta?
2. Hvaða kona ætli það hafi verið sem kom til hennar?
3. Útskýrðu það sem karlinn sagði við barnið. Hvað þýðir þetta?
4. Af hverju var karlinn svo auðmjúkur í lok sögunnar?

Svör

1. Kerlingin fór að gráta af því að karlinn var svo vondur við hana. Hótaði henni lífláti ef hún eignaðist ekki barn.
2. Konan sem kom til hennar hefur verið álfkona eða huldukona.
3. Þetta þýðir barnið hafi fengið mikið frá föður sínum, líkist honum í alla staði.
4. Hann hélt að það væri honum að kenna að þau glötuðu nýja barninu sínu.

26. Sagan af Fóu feykirófu

Söguhluggi

Fóa feykirófa flæmir Fóu úr helli sínum. Fóa leitar aðstoðar nokkurra dýra en þeim gengur illa að losna við Fóu feykirófu. Þangað til hrúturinn kemur þeim til hjálpar.

Þvaga: e.k. vöndull úr hrosshári, halahári eða melrótum, notuð til að þvo með
gætir: gáir, horfir

Að lestri loknum

1. Hvað þýðir að setja pott á hlóðir? Útskýrðu.
2. Hvað var Fóa feykirófa að gera þegar hrúturinn kom inn?
3. Segðu frá því hvernig sagan endar. 15–25 orð.
4. Hvaða einkenni þjóðsagna eða ævintýra hefur sagan af Fóu feykirófu? Skoðaðu það sem sagt er um þetta fremst í bókinni.

Svör

1. Í gamla daga, fyrir tíma eldavélanna, var eldstæðið kallað hlóðir, þ.e. hlaðið eldstæði. Þar logaði eldurinn.
2. Fóa feykirófa var að þrjóna sokka á börnin sín og silkihúfu handa sjálfri sér þegar hrúturinn kom inn.
4. Sagan hefur mörg einkenni ævintýra. Hún byrjar á orðunum: Einu sinni var, hún er furðuleg svo ekki sé meira sagt, í henni eru andstæður: góður/ vondur og hún er full af endurtekningum. Þá er hún nokkuð löng og ótrúleg í hæsta máta og endar vel.





Í inngangi að kaflanum um Tröll · bls. 69 í bókinni er meinleg villa. Þar er talað um kýrina göldróttu, Búkollu. Eins og allir eiga að vita beygist orðið: kýr um kú frá kú til kýr. Þannig á náttúrulega að tala um kúna göldróttu. Í undirbúningi er að prenta litla límmiða og senda út í þá skóla sem keypt hafa bókina. Beðist er velvirðingar á þessum mistökum.

27. Gilitrutt

Sögu gluggi

Bóndakona fær kerlingu nokkra til að vinna fyrir sig ull. En kerlingin er ekki við eina fjölinu felld svo konan verður hrædd og segir bónda sínum. Bóndinn tekur til sinna ráða.

gat ekki að gjört: gat ekkert gert í málinu
vaðmál: ullarefni
ámálgaði: nefndi
voð: ofið efni, vaðmálsdúkur
útmánuðir: tveir til þrjár seinustu mánuðir vetrar, einkum góa og einmánuður

vera ein í ráðum: skipuleggja án hjálpar frá öðrum
ekki frýnileg: ófögur að sjá
óvættur (kk): ófreskja, forynja
iðjusöm: dugleg, vinnusöm

Að lestri loknum

1. Finndu Eyjafjöll á Íslandskortinu. Hvaða jökull er þar upp af?
2. Af hverju vann konan ekki ullina sjálf?
3. Hvað líkaði bónda illa í byrjun sögunnar?
4. Af hverju varð konan svo áhyggjufull þegar leið á veturinn?
5. Hvað var bóndi að gera uppi á fjalli?
6. Hvað heldur þú að Gilitrutt hefði gert ef konan hefði ekki vitað nafnið?
7. Hvernig komst konan út úr vandræðum sínum og hvaða áhrif hafði þessi reynsla á hana?
8. Hvaða einkenni þjóðsagna hefur þessi saga? Skoðaðu það sem sagt er um þjóðsögur fremst í bókinni.

Svör

1. Eyjafjöll eru á miðju Suðurlandi, austan við Mýrdalsjökul. Upp af þeim er Eyjafjallajökull.
2. Konan var löt og nennti ekki að vinna ullina.
3. Konan var duglaus og dáðlaus og nennti ekkert að skipta sér af búinu. Þetta líkaði bónda hennar illa.
4. Konan átti að segja nafn kerlingar þegar hún kæmi með voðina. Hún hafði ekki hugmynd um hvað kerling hét og því uxu áhyggjur hennar eftir því sem leið á veturinn.
5. Bóndinn var hryggur og gekk upp undir fjallið í raunum sínum.
6. Líklegast er að trölllið hefði tekið húsfreyju hefði hún ekki vitað nafnið.
7. Bóndi konunnar bjargaði henni. Hann hafði heyrt tröllkonuna nefna nafn sitt inni í grjóthólnum uppi undir fjalli. Konan sagði svo kerlingu þegar hún kom með ullina. Eftir þetta varð konan iðjusöm og stjórnsöm og vann alltaf sjálf sína ull.
8. Sagan ber ýmis merki þjóðsögunnar. Hún er ekki mjög löng, sagt er frá í rétttri tímaröð, málfar er kjarnmikið, fáar persónur, andstæður: góður/vondur, stuðlað stef: hæ, hæ og hó, hó húsfreyja ... , þrítala, konan átti að segja nafnið í þriðju gátu.

28. Búkolla

Söguhluggi

Karlsson fer að leita að kúnni Búkollu sem er horfin úr kotinu. Hann finnur hana hjá skessu sem eltir hann á heimleiðinni ásamt dóttur sinni. Staðan er orðin verulega slæm hjá stráknum þegar kýrin kemur til bjargar.

kýrin bar: hún eignaðist kálf

jafnnær: engu fróðari en fyrr, engu nær árangri

báلكur: skilveggur, stallur

legg ég á og mæli ég um: galdraorð; beina galdri, töfrum eða álögum að einhverjum

móða: vatnsfall

Að lestri loknum

1. Hvaða skepnur áttu karl og kerling?
2. Hver var göldróttur í sögunni?
3. Hver var ráðagóður?
4. Hvað varð stóru skessunni að falli?
5. Hvaða einkenni þjóðsagna eða ævintýra hefur þessi saga? Skoðaðu það sem sagt er um þjóðsögur og ævintýri fremst í bókinni.

Svör

1. Karl og kerling áttu bara kúna Búkollu. Hún var eina skepnan þeirra.
2. Kýrin Búkolla var rammgöldrótt.
3. Kýrin Búkolla var ráðagóð en einnig stóra skessan þó að kýrin sæi við henni.
4. Það sem varð stóru skessunni að falli var að hún var of óþolinmóð, fór inn í gatið meðan það var enn of þröngt. Þess vegna stóð hún þar föst og varð loks að steini.
5. Sagan byrjar á orðunum einu sinni var, hún er óbundin stað og tíma, full af andstæðum, furðum, göldrum og galdrastefjum, þrítölum, endurtekningum og hún endar vel. Sum af þessum atriðum eiga einnig við um þjóðsögur enda er oft erfitt að greina á milli. En sagan ber fleiri merki ævintýris.

29. Trunt, trunt og tröllin í fjöllunum

Söguhluggi

Maður á grasafjalli er seiddur af tröllkonu sem tekur hann til sín.
Næstu árin kemur maðurinn til grasafólksins á sama stað og hann hvarf.
Og verður tröllslegri með hverju árinu.

grasafjall: hálandi þar sem fjallagrös vaxa

drægi sundur með þeim: lengdist bilið á milli þeirra

jökulgnípa: jökultindur, nípa

atferli: hegðun, framkoma

ábúðarmikill: alvörugefinn, þungbúinn á svip, dimmleitur í andliti

því stóð ótti af honum: það var hrætt við hann

dvaldi hann skemur: eyddi minni tíma, var ekki eins lengi

Að lestri loknum

1. Hvað gerði fólk á grasafjalli? Kynntu þér það og skráðu niðurstöður þínar.
2. Hvað kom fyrir manninn? Af hverju kom hann aftur?
3. Lýstu því hvernig maðurinn breyttist hjá tröllinu.
4. Af hverju hætti fólk að þora að leita grasa á þessum stað?

Svör

1. Á grasafjalli týndi fólk fjallagrös sem notuð voru í mat og drykk.
2. Maðurinn lenti í tröllahöndum, var heillaður á burt af skessu. Kom tvisvar aftur af því hann var ekki orðinn algert tröll.
3. Fyrst varð hann fálátur og ábúðarmikill en sagðist þó trúa á guð. Seinna var hann orðinn svo tröllslegur að fólk að óttaðist hann. Sagðist trúa á „trunt, trunt og tröllin í fjöllunum.“ Svo sást hann ekki meir.
4. Fólk að var orðið svo hrætt við manninn að það hætti að þora að koma á þennan stað til grastekju.

30. Karlsdæturnar þrjár

Söguhluggi

Þrjár systur fara hver á fætur annarri að sækja eld á næsta bæ. Þær tvær fyrstu lenda í ógöngum og koma eldlausar og afskræmdar heim en sú þriðja hefur heppnina með sér. Hún hefur líka ýmsa kosti til að bera sem systur hennar vantar.

öskustó: hola fyrir ösku undir hlóðum eða eldstæði

skaka: strokka

skíði, skíð: klofinn eldiviður

vegsummerki: merki um að eitthvað hafi átt sér stað

fox: norn, meinhorn

segir sínar farir ekki sléttar: segir frá óhöppum sínum

fór á sömu leið: það sama gerðist og áður

snáfa: snauta, hypja sig

rýja: taka ull af sauðfé

nauðugur: tilneyddur

skrúðar, skrúði: hátíðarbúningur

álög: töfrum mögnuð áhrínsorð, ástand sem stafar af töfrum eða göldrum

Að lestri loknum

1. Hvaða einkenni ævintýra hefur þessi saga? Skoðaðu það sem sagt er um ævintýri fremst í bókinni.
2. Hvernig bjargaði Helga systkinunum úr álögum?

Svör

1. Sagan ber öll merki ævintýris: Hún byrjar á orðunum: Einu sinni var, fjallar um karl og kerlingu og dætur þeirra þrjár þar sem ein er góð en tvær vondar. Svo er þarna kýr, strokkur og hrútur sem í raun eru kóngsbörn í álögum vondrar stjúpú, þá er skessa í sögunni, þrítalan gengur ljóslifandi gegnum hana og svo endar hún á þulunni: Þau áttu börn og buru, grófu rætur og muru ...
2. Helga bjargaði systkinunum með því að gera það sem þau báðu hana um. Hún rúði hrútin og batt ullina milli horna hans, hún skók strokkinn og lét smjörið á lokið og loks mjólkaði hún kúna og lét skjóluna milli horna hennar. Hinar systurnar fusuðu bara og sveiðu og vildu ekki gera neitt af þessu. Skessan sá til þess að þær fengu makleg málagjöld.

31. Nátttröllið

Sögu gluggi

Stúlka er ein heima á jólanótt. Tröll kemur á gluggann og reynir að heilla hana.

aftansöngur: síðdegismessa

æðisgenginn: vitstola, ofsafenginn

snör: kona

snarpur: ákafur, mikill

ári: sendiboði, púki, illur andi

dillidó, korriró: raulorð til að róa og svæfa börn

saur: óhreinindi, skítur

vættur (kvk): yfirnáttúruleg vera, vera úr öðrum heimi

æ síðan: ætíð síðan, upp frá því

Að lestri loknum

1. Hvers vegna vildi enginn vera heima á bænum á jólanótt?
2. Hvernig myndir þú lýsa stúlkunni?
3. Reyndu að endursegja með þínum orðum það sem fór á milli stúlkunnar og nátttröllsins.
4. Hvað varð um tröllið?

Svör

1. Fólkið var hrætt við tröllin. Það fór illa fyrir þeim sem vakti heima á jólanótt.
2. Stúlkan var hugrökk, greind og ráðagóð.
4. Tröllið varð að steini í bæjarsundinu þegar dagur rann.



32. Sálin hans Jóns míns

Söguhluggi

Kerling setur sál bónda síns í skjóðu þegar hann gefur upp öndina. Síðan heldur hún af stað til himnaríkis með sálina í skjóðunni. En þegar hún kemur að gullna hliðinu og biður um inngöngu fyrir bónda sinn þá vandast málið.

ódæll: erfiður, óvinsæll

síúðrandi: sívinnandi

vitin: munnur og nef

drepur á dyr: bankar á dyrnar

verðari fyrir náðina: átt fremur skilið náð guðs

ótæti: óhræsi, þrjótur, úrþvætti

breyskir: veikir fyrir freistingum

Áð lestri loknum

1. Hvers vegna setti kerling sálina í skjóðu?
2. Rifjaðu upp söguna af því þegar Pétur afneitaði Jesú þrisvar. Hana er m.a. að finna í bókinni *Upprisan og lífið*.
3. Kynntu þér ofsóknir Páls gagnvart kristnum mönnum áður en hann varð kristinn. Leitaðu á bókasafni, í kristinfræðibókum, á Netinu. Skráðu helstu niðurstöður.
4. Með hvaða ráðum kom kerling sálinni hans Jóns inn í himnaríki?
5. Hvaða hug bar kerling til Jóns?

Svör

1. Kerling óttaðist að sálin fengi ekki inngöngu í himnaríki og vildi koma henni þangað sjálf.
4. Kerling fleygði skjóðunni fram hjá Kristi og inn í himnaríki þegar hann var að loka gullna hliðinu á eftir sér.
5. Hún ámælti honum fyrir leti og ómennsku en unni honum heitt undir niðri.

33. Malaðu hvorki malt né salt

Söguhluggi

Hér segir frá tveim bræðrum, annar er ríkur en hinn fátækur. Sá fátæki kemst yfir kvörn sem malar gull og allt það sem hann biður um. Ríki bróðirinn kemst að þessu og ágirnist kvörnina. Býður hann allar eigur sínar fyrir hana. Það verður úr að bróðirinn lætur undan og selur kvörnina.

kvongaður: giftur

auðsæll: auðugur, gróðasæll

hjáleiga: kot, upphaflega leiguland, leigt út frá annarri jörð

vanhaga um: vanta

lét af hendi rakna: lét hann fá, lagði fram e-n skerf

latti hann: dró úr honum, hvatti ekki

skoltur: kjaftur

hnoða (hvk): hnykill

sproti: lítil grein, stafur

gap: op

kvörn: mylla, mölunartæki

kvarnarstokkur: kassi sem kvarnarsteinninn snýst í

skildingaráð: fjárráð

mæliker: ílát til að mæla í

laggir, lögg: gróp í tunnustöfum þar sem tunnubotninn er felldur í

að færa út kvíarnar: efla starfsemi sína, auka umsvif

að fala: biðja um e-ð, fala e-ð til kaups

Að lestri loknum

1. Af hverju fékk ríki bróðirinn höfuðbólíð?
2. Hvers vegna vildi fátæki bróðirinn gefa kölska lærið? Endursegðu.
3. Hvernig komst ríki bróðirinn að því að hinn ætti kvörn sem malaði gull?
4. Af hverju vildi fátæki bróðirinn láta kvörnina af hendi?
5. Hvað varð ríka bróðurnum að falli?
6. Berðu bræðurna saman. Hver eru einkenni þeirra sem persóna? Skrifðu niður.

Svör

1. Honum þótti bróðir sinn vera búinn að taka út arf sinn í bitum og sopum.
2. Af því að sá ríki sagði honum að fara til fjandans með lærið. Hann tók það bókstaflega, lagði af stað með lærið til fjandans.
3. Kona ríka bróðurins beitti brögðum til að komast að því. Láta börnin endursegja það, skrifa niður.
4. Ríki bróðirinn lagði svo mikla áherslu á að fá kvörnina og bauð aukinheldur höfuðbólíð og aleigu sína fyrir hana.
5. Það sem varð ríka bróðurnum að falli var græðgi og guðleysi.
6. Fátæki bróðirinn er m.a. vitgrannur, þakklátur, þrjóskur og góðhjartaður. Sá ríki er a.m.k. ágjarn, gráðugur, öflugur, öfundsjúkur, forvitinn og hrokafullur.

34. Skinþúfa

Söguhluggi

Sagan segir frá bónda nokkrum sem sér engla dauðans standa við túngarðshliðið sitt.

svartidauði: sjúkdómur í rottum, berst með flóm í menn. Á Íslandi oft kallaður plágan mikla

ógerla: varla, ógreinilega

sankti María: María mey

Að lestri loknum

1. Finndu Skagafjörð á landakortinu.
2. Hvernig fékk bærinn nafnið Skinþúfa?
3. Af hverju var nafninu breytt?
4. Hvers vegna slapp bærinn við svartadauða?
5. Lestu þér til um svartadauða. Skráðu helstu niðurstöður.

Svör

1. Skagafjörður er á Norðurlandi, á milli Eyjafjarðar og Húnaflóa.
2. Engill dauðans sagði: „Eigi skal hér heim, því að hér skín sankti Máriu ljós í þúfu.“ Þannig fékk bærinn nafnið Skinþúfa.
3. Eigandi jarðarinnar breytti nafninu árið 1908, hann þekkti ekki sögnina um uppruna þess.
4. Heilög María verndaði bæinn að sögn.
5. Svartidauði gekk sem drepsótt um Ísland á árunum 1402–4. Þá féll hátt í þriðjungur landsmanna og heilu sveitirnar fóru í eyði um tíma.



35. Dansinn í Hruna

Söguhluggi

Prestur nokkur hefur þann sið að halda dansleik í kirkjunni á jólanótt þrátt fyrir aðvaranir móður sinnar.

embættaði: messaði

forspár: getur sagt fyrir um óorðna hluti

reisur: ferðir

hirðar: menn

óefni: vandræði

vandkvæði: erfiðleikar, hindrun

tíðir (hér): guðsþjónusta, bænalestur á tilteknum tímum

rök til þess: merki um það

Að lestri loknum

1. Finndu Árnessýslu á landakortinu. Nefndu tvo kaupstaði sem eru þar í dag.
2. Hvaða vana hafði prestur á jólanótt?
3. Til hvaða ráðs tók móðir prestsins?
4. Hver urðu örlög prestsins?

Svör

1. Árnessýsla er á Suðurlandi, á milli Gullbringu- og Kjósarsýslu annars vegar og Rangárvallasýslu hins vegar. Hveragerði og Selfoss eru kaupstaðir í Árnessýslu.
2. Prestur messaði ekki fyrri hluta jólanætur heldur hélt dansleik mikinn í kirkjunni með sóknarfólkinu, sem stundaði drykkju og spil og aðrar ósæmilegar skemmtanir langt fram á nótt.
3. Móðir prestsins leitaði eftir hjálp hjá nágrennapresti. Því miður var það of seint, kirkjan var sokkin þegar þau komu til Hruna.
4. Presturinn sökk ofan í jörðina með kirkjunni og öðrum dansgestum.

36. Rósamunda

Söguhluggi

Kóngssonur vill giftast tornæmri stúlku en foreldrar hans eru á móti því. Hann hittir mann sem býðst til að hjálpa honum. En maðurinn vill fá nokkuð fyrir snúð sinn.

tornæm: á erfitt með að læra

orðlögð: víðkunn, fræg

atgervi: miklir hæfileikar

sinnli lítið glaðværðum: tók lítinn þátt í skemmtunum

merkur, mörk: skógur, víðavangur

verðleikar: kostir, góðir eiginleikar

fróðlega að þessu kominn: vissi svo mikið um það

nema: læra

hugfestir: leggur á minnið

eiginorð: hjónaband

mælgji: orðaflaumur, málæði

láta hugfallast: missa kjarkinn

fyrirtaks drottning: ágætis drottning

nautur: gefandi

Að lestri loknum

1. Er eitthvað í þessari sögu sem minnir á aðra sögu í bókinni? Skráðu hjá þér söguna og hvað er líkt með þeim.
2. Hvers vegna mátti kóngsson ekki eiga Rósamundu?
3. Hvað átti Rósamunda að gera þegar maðurinn kæmi aftur?
4. Hvernig komst kóngsson að nafni mannsins? 20–30 orð.
5. Hvaða einkenni ævintýra hefur þessi saga? Skoðaðu það sem sagt er um ævintýri fremst í bókinni.

Svör

1. Rósamunda átti að nefna nafn Rigdíns-Rigdóns eins og húsfreyjan í sögunni um Gilitrutt sem átti að segja nafn skessunnar þegar hún kæmi með voðina.
2. Kóngsson mátti ekki eiga Rósamundu af því að hún var bæði heimsk með afbrigðum og af ógöfugum ættum.
3. Rósamunda átti að segja nafn mannsins þegar hann kæmi aftur: Rigdín-Rigdón.
4. Kóngsson var einn á gangi úti á skógi og kom fram í eitt rjóður. Þar var hóll í rjóðrinu. Hann heyrði hlátra mikla og orðaflaum. Hlustaði hann og þóttist staddur milli heims og helju þar sem hann var kominn. Þar heyrði hann manninn fara með stökur og í þeim kom nafnið Rigdín-Rigdón fram.
5. Sagan byrjar eins og ævintýri á orðunum *einu sinni var* og hefur flest einkenni þeirra. Hún fjallar um kóng, drottningu og kóngsson en einnig fríða, heimsku höfðingjadóttur. Síðan kemur einhver lítill, rauð-skeggjaður maður sem veit allt um vandræði kóngssonar (er sem sagt göldróttur) og býðst til að hjálpa. Og það er töfragripur sem á að bjarga málum. Aðalpersónurnar eru góðar og þetta endar allt vel, sá rauð-skeggjaði sekkur ofan í jörðina eins og hvert annað flagð, eða var það kannski kölski sjálfur að reyna að veiða sál?

37. Skrattinn fór að skapa mann

Sögugluggi

Hér segir frá því þegar kölski vildi gerast skapari eins og guð.

höndulega: liðlega, vel

hámóti: humátt, hljóðlega, í nokkurri fjarlægð

Að lestri loknum

1. Endursegðu þessar tvær stuttu sögur með þínum orðum. A.m.k. 30–50 orð.





38. Ormurinn í Lagarfljóti

Sögu g l u g g i

*Kona gefur dóttur sinni gullhring og hvetur hana til að leggja hann undir lyngorm.
Ormurinn tekur þá upp á því að stækka og stækka. Stúlkan hendir honum þá í fljótið.
En ormurinn heldur áfram að vaxa.*

því arna: áhersluliður, sem gæluorð, án sérstakrar merkingar
trafeskjur: öskjur til að geyma línklaði í, einkum höfuðbúnað kvenna
granda: gera skaða, drepa
við ofurefli að eiga: e-ð sem amður ræður ekki við
bægsl: framlímur, brjóstuggi
þykir það vita á: vera fyrirboði, boða
harðæri: langvarandi harðindi, hallæri
grasbrestur: skortur á grasi, sprettuleysi
froðusnakkur: ímyndun, hégilja
froðusnakk: þvaður, marklaust kjaftæði

Að lestri loknum

1. Finndu Hérað við Lagarfljót á landakortinu. Hvaða kaupstaður er þar í dag?
2. Hvers vegna lagði stúlkan hringinn undir lyngorminn?
3. Til hvers voru Finnarnir fengnir?
4. Hvernig gekk þeim að eiga við orminn? Segðu frá.
5. Hefurðu heyrt sögur um Lagarfljótsorminn? Prófaðu að leita á Netinu. Skráðu helstu niðurstöður þínar.

Svör

1. Hérað eða Fljótsdalshérað er á miðju Austurlandi. Þar er kaupstaðurinn Egilsstaðir.
2. Móðir stúlkunar ráðlagði henni að leggja hringinn undir orminn til að hafa sem mest gagn af gullinu.
3. Finnarnir voru fengnir til þess að drepa orminn og ná gullinu.
4. Þeir sögðu að það væri ekki hægt að bana orminum eða ná gullinu, annar ormur væri undir því og væri sá miklu verri en hinn. Bundu þeir þá orminn með tveim böndum.

39. Selshamurinn

Söguhluggi

Maður nokkur tekur selsham sem liggur við hellismunna. Nokkru síðar finnur hann nakta stúlku þar sem hamurinn hafði legið. Hann tekur hana til sín og hún verður honum fylgisöm en situr þó oft og horfir út á sjóinn.

fótaferð: það að fara á fætur, tíminn þegar farið er á fætur

selshamur: selshúð

fylgisöm: lætur sér annt um að fylgja einhverjum, fylgin

felldi skap sitt miður við aðra: kom illa saman við aðra, aðrir voru henni ekki að skapi

fékk maðurinn hennar: fékk hana fyrir eiginkonu

jólatíðir: guðsþjónusta á aðfangadagskvöld eða jólanótt

að fallast mjög um: taka mjög nærri sér

Að lestri loknum

1. Finndu Mýrdal á landakorti. Hvaða kaптún er þar í dag?
2. Hvernig gerðist það að maðurinn eignaðist konu? Skrifðu endursögn.
3. Af hverju kastaði selurinn skeljum og steinum til barnanna í lok sögunnar

Svör

1. Mýrdalur er á miðju Suðurlandi, vestast í Vestur-Skaftafellssýslu. Þar er kaптúnið Vík.
3. Þetta var móðir barnanna eftir því sem sagan segir. Konan sem var komin aftur í selshaminn. Hún saknaði barna sinna og langaði til að gera þeim gott.

40. Frá marbendli

Söguhluggi

Maður nokkur veiðir marbendil og ætlar að taka hann heim með sér. En það breytist þegar marbendillinn fer að hlæja að manninum, ekki einu sinni heldur þrisvar. Manninum leikur forvitni á að vita ástæðuna fyrir hlátrinum.

baugahrund: kona

laufalundur: maður

lymska: undirferli, lævisi; sbr. að vera lúmskur

sverðabaldur: maður

útræði: róður frá e-m stað,

þaðan sem menn róa

kom í drátt þungan: krækti í eitthvað þungt

marbendill: hafmaður, sæbúi

andskjól: hjáskjól (við reyk háf)

ekki geri ég þess nokkurn kost: ég tek

það ekki í mál, gef ekki kost á því

fagurgali: smjaður, gullhamrar, skjall

rásuðu: voru á stöðugri ferð

ónærar: órólegar

granir: nasir

dánumannsgripur: góður gripur

auðnumaður: gæfumaður

Að lestri loknum

1. Finndu Voga á Suðurnesjum á landakortinu.
2. Skrifðu vísuna fremst í sögunni niður og strikaðu við ljóðstafi og rím.
3. Skráðu þrjár ástæður þess að marbendill hló.
4. Hvernig þakkaði marbendill bónda?
5. Hvað var það við kýrnar sem gaf til kynna að þær væru sækýr?

Svör

1. Vogar eru utarlega á Vatnsleysuströnd, á norðanverðu Reykjanesi.
2. Mér er í minni stundin,
þá marbendill hló.
Blíð var baugahrundin
er bóndinn kom af sjó.
Kyssti hún laufalundinn,
lymskan undir bjó.
Sinn saklausan hundinn
sverðabaldur sló.
3. Marbendill hló fyrst er bóndi sló hundinn sem fagnaði honum af einlægni, næst er hann bölvaði þúfunni sem var full af gullpeningum og síðast er hann tók vel blíðskap konu sinnar sem var honum ótrú.
4. Marbendill þakkaði bónda lífgjöfina með því að senda honum sjö sækýr.
5. Kýrnar höfðu allar blöðru fyrir grönnum eins og aðeins sækýr höfðu.

41. Að temja nykur

Söguhluggi

Drengur nokkur finnur hest með blöðru undir vinstra bógnum.
Strákur sprengir blöðruna með vasahnífnum sínum.

nykur: dularfullur hestur með öfuga hófa sem lifir í vötnum. Setjist menn á bak festast þeir og nykurinn hleypur með þá í vötn

brúkun: notkun, það að nota e-ð

bógur: ofanverður framlimur á dýri

í krók og kring: vandlega frá öllum hliðum

Að lestri loknum

1. Finndu Grímsnesið á landakorti.
2. Hvað var drengurinn að gera þegar hann sá nykurinn?
3. Hvernig náði hann að temja nykurinn?
4. Leitaðu á bókasafni eða Netinu að upplýsingum um nykur. Skrifaðu hjá þér.

Svör

1. Grímsnesið er í Árnessýslu, austan við Ölfus og Ingólfsfjall en norðan við Flóa og vestan við Skeið og Biskupstungur.
2. Þegar drengurinn sá nykurinn var hann að tálga spýtu að gamni sínu.
3. Hann tamdi nykurinn með því að sprengja blöðruna undir vinstri bógnum á honum.

42. Jakob á Jörfa og vermennirnir

Sögu g l u g g i

Tveir menn að norðan fara til sjós vestur á land.
Þeir koma við á bæ einum og aftur á heimleiðinni um vorið.
En það hefur slæmar afleiðingar fyrir annan þeirra.

vel fjáreigandi: átti margar kindur

á bjátað: e-ð bjátar á, kemur babb í bátinn, e-ð er í veginum

verða bilt við: láta sér bregða

mig gildir einu: það skiptir ekki máli

Að lestri loknum

1. Hvers vegna óttaðist Jakob bóndi um vermennina?
2. Hvers vegna hélt hann að um nykur hefði verið að ræða?
3. Af hverju iðraðist Jakob?
4. Hefur þú gert eitthvað sem þú sást eftir?

Svör

1. Bóndi óttaðist um vermennina af því að síðuna sem hann seldi þeim hafði rekið á land í vatni einu.
2. Síðuna hafði rekið á land eftir að ísa fletti af vatninu í einu vetfangi. Síðar hafa menn farið að gera að því skóna að þetta hlyti að vera nykur. Líklega af því að enginn saknaði nauts í nágrenninu. Síðan var heil er hana rak á land.
3. Jakob iðraðist vegna þess að annar maðurinn datt dauður niður þegar hann heyrði um nykurinn. Kannski brá manningum svo við þessi tíðindi.

Mardöll á miði
í myrkbláum sal!
Seiddu nú að sviði
sækindaval.
Láttu fara í friði
fengsælan hal.

Jónas Hallgrímsson

mardöll: (hér) hafmey

svið: fiskimið

sækind: (hér) fiskur

fengsæll halur: fiskinn maður



43. Grasafjallsferðin

Söguhluggi

Ungri stúlku er rænt með göldrum á grasafjalli. Bróðir hennar finnur hana mörgum árum síðar hjá útleikumönnum.

eftirlát: auðsveip, hlýðin

grasafjall: hálendi þar sem fjallagrös vaxa

slæmar fólksástæður: lítið um vinnufólk

verði eigi umflúið: verði ekki hjá því komist

illa leggist það í sig: hann gruni að það muni fara illa

grasa (so.): að tína grös

svarðreipi: reipi úr (rostungs)húð

angursamur: viðkvæmur, dapur

vosklæði: blaut ferða- eða vinnuföt

fráleitur: frábitinn, vera á móti e-u

sannindamerki: sönnunargagn, vitnisburður

Að lestri loknum

1. Kynntu þér ferðir á grasafjall í gamla daga. Til hvers var farið þangað? Ef þú ert búinn með verkefnið, rifjaðu það þá upp.
2. Hvers vegna fóru börnin á grasafjall?
3. Faðir þeirra var mjög efins um að þau ættu að fara, lét þau m.a. kveikja á kertum. Af hverju ætli hann hafi efast svona?
4. Hvað kom fyrir systurina á fjallinu?
5. Hvernig fór prestur að því að gabba Bjarna?
6. Hvers vegna vildi prestur að Bjarni og faðir hans fengu að vita sannleikann?
7. Hefur þessi saga einhver einkenni þjóðsagna eða ævintýra? Skoðaðu það sem sagt er um þetta fremst í bókinni.

Svör

1. Á grasafjalli týndi fólk fjallagrös sem notuð voru í mat og drykk. Rétt er að láta nemendur leita frekari upplýsinga um grasafjallsferðir, grös sem voru týnd og til hvers þau voru notuð, sum meira að segja til lækninga.
2. Það voru engir aðrir á bænum sem gátu farið á grasafjall en börnin.
3. Faðir þeirra hafði hugboð um að illa færi. Þegar sloknaði á öðru kertinu sem var á einhvern hátt táknrænt fyrir annað barnið hans fann hann á sér að ferðin gæti endað illa.
4. Systirin var numin á brott af útleikumönnum.
5. Prestur gabbaði Bjarna með sjónhverfingum, göldrum.
6. Presturinn vildi veita öldruðum föður stúlkunnar þá gleði í ellinni að fá að sjá hana aftur og vita hvernig henni leið. Einnig að hann fengi að sjá barnabörnin. Hann var með bakþanka greinilega.
7. Nefna má að sagt er frá í tímaröð, málfar er kjarnmikið, persónur fáar og svo einkenna galdrar söguna sem er algenget um sögur af útleikumönnum. Hún flokkast með þjóðsögum.

44. Prestsdóttirin úr Þingeyjarsýslu

Söguhluggi

Ungri stúlku er rænt af útilegumönnum. Unglingspiltur hjálpar henni að flýja en er seinna sendur í útleigð. Svo líða mörg ár ...

ekki ber til tíðinda: ekkert sérstakt gerist
kveður þvert nei við: harðneitar
sem hvatlegast: af miklu fjöri, á miklum hraða
leiti: hæð
á fæti: hlaupandi á tveim jafnfljótum
beiddi fyrir hann: talaði máli hans, bað honum vægðar
auðnaðist: heppnaðist
vitja: heimsækja, athuga um
lét sér ekki segjast: gaf sig ekki, skipti ekki um skoðun
afsvar: neitun
tekið það fyrir sig: tekið það í sig, einsett sér það

Að lestri loknum

1. Finndu Þingeyjarsýslu á landakortinu. Finndu líka Sprengisand.
2. Af hverju hlífðu útilegumennirnir dóttur prestsins?
3. Hvers vegna vildi pilturinn láta líta svo út að sér væri illa við stúlkuna?
4. Hvernig var áætlun prestsonarins?
5. Mörgum árum eftir að stúlkan slapp frá útilegumönnum gerðist nokkuð. Segðu frá. Skrifðu útdrátt.

Svör

1. Þingeyjarsýslur eru á Norð-Austurlandi, á milli Eyjafjarðar- og Norður-Múlasýslu. Sprengisandur er fjallvegur milli Norður- og Suðurlands, liggur milli Hofs- og Vatnajökuls.
2. Útilegumennirnir hlífðu dóttur prestsins af því að hún var svo falleg.
3. Pilturinn lét líta svo út sem honum væri illa við stúlkuna af því að hann ætlaði að hjálpa henni að flýja seinna.